



# ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 19 — MARS '81



## Fréttapistill

Núna í byrjun febrúar, gengu fjórir félagar í ÍSALP — þeir Björn Gislason, Einar Páls-son, Jónas Geirsson og Jóakim Reynisson á skíðum yfir Kjöl.

Lagt var upp frá Blöndudal 1. febrúar og þann 4. febrúar komu þeir félagar á Hveravelli þar sem þeir dvöldu næstu 3 daga í góðu yfirlæti.

7. febrúar var svo haldið sem leið lá næst í Hvítárnes þar sem þeir eyddu næstu nót.

Í erfiðu færi og leiðinlegu veðri var haldið yfir Bláfellsháls daginn eftir og gist í tjöldum við Grjótá.

9. febrúar var svo stefnan tekin á Bjarnarfell í mjög lélegu færi, þar sem gönguhraðinn var aðeins 3 km á klst. Er yfir Sandá var komið var tekið á móti þeim félögum á vél-sleðum en þar voru félagar þeirra úr Hörgunarsveitinni Ingólfí mættir og var sam-fylgðar þeirra notið síðasta spölinn niður í Haukadal.

Helgina 6.–8. febrúar var gerð fyrsta til-raun til að klifa Hraundrangar í Öxnadal að vetrarlagi. Þar áttu í hlut þeir Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson auk tveggja Akureyringa. Þó nokkur snjóflóðahætta var á svæðinu, en farið var upp frá Hörgárdal. Gangan að tindinum gekk stórlýslalaust. Hins vegar brotnuðu broddarnir hjá Snæ-varri er á Dranginn var lagt og hættu þeir félagar því við frekari tilraunir.

18

Hermann Valsson eyddi jólunum suður í Ölpunum og fór þá ferð á Mt. Blanc ásamt tveimur öðrum, þar á meðal Bandaríkjamanni sem hann kynntist síðastliðið sumar. Er þetta í fyrsta skiptið, svo vitað sé, að Íslendingur sé þarna um þetta leyti árs. Ferð þeirra á fjallið stóð í nokkra daga og verður þá að geta þess að þeir félagar þurftu að bera allt sitt megnið af leiðinni, en enga þjónustu er að fá í skálum á þessum tíma. Voru þeir auk þess þeir einu sem fóru upp í þetta skiptið, sem er óvenjulegt. Leiðin sem þeir fóru var ein af þessum algengari, upp í Gouter skála og áfram upp. Veður fengu þeir prýdilegt og útsýni gott. Höfðu þeir með sér fjallaskíði en notuðu litið.

Pétur Ásbjörnsson og Torfi Hjaltason fóru til Skotlands og dvöldu þar yfir hátið-irnar í um hálfan mánuð. Voru þeir ein-göngu á Ben Nevis svæðinu og hrepptu fult veður, en tókst samt að fara nokkrar vetrar-leiðir af ýmsum grádum.

Snævarr Guðmundsson